

LISTVINAFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK 39. STARFSÁR



SCHOLA CANTORUM 25 ÁRA

IN PARADISUM

SCHOLA CANTORUM REYKJAVICENSIS

KÓRTÓNLEIKAR Í HÁTEIGSKIRKJU REYKJAVÍK
SUNNUDAGINN 26. SEPTEMBER 2021 KL. 17

FLYTJENDUR:

KAMMERKÓRINN SCHOLA CANTORUM
STJÓRNANDI HÖRÐUR ÁSKELSSON

Miðaverð: 3.900,-

Miðasala: tix.is og við innganginn í Háteigskirkju 1 klst. fyrir tónleikana
listvinafelag.is - scholacantorum.is

IN PARADISUM

SCHOLA CANTORUM REYKJAVICENSIS

KÓRTÓNLEIKAR Í HÁTEIGSKIRKJU REYKJAVÍK
SUNNUDAGINN 26. SEPTEMBER 2021 KL. 17

Hrífandi a cappella kórverk eftir samtímatónskáldin Eric Witacer, Ola Gjelo, Galina Gregorjeva, P. Lukaszewsky, D. Elder, Paul Mealor, Pärt Uusberg, Hauk Tómasson, Þóru Marteinsdóttur, Hreiðar Inga Þorsteinsson, Sigurð Sævarsson og kórfélagana Auði Guðjohnsen og Björn Thorarensen.

Tónlistin túlkar kyrrð og fegurð sem birtist í ýmsum þekktum textum kirkjunnar m.a. Ave verum corpus, Sanctus, In Paradisum o.fl.

Þessi efnisskrá er hljóðritað í september 2021 í Skálholtsdómkirkju og verður gefin út af sænska útgáfufélaginu BIS, en diskur kórsins, MEDIATIO, sem gefinn var út af BIS 2016 hefur hlotið mikið lof á alþjóðlegum markaði.

Kammerkórinn Schola cantorum var stofnaður árið 1996 af Herði Áskelssyni kantor í félagi við nokkra meðlimi úr Mótettukór Hallgrímskirkju. Allar götur síðan hefur kórinn gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku tónlistarlífi. Frumflutningur á verkum íslenskra tónskálda hefur jafnan vegið þungt á efnisskrá kórsins en einnig fjölróddun endurreisnartímans auk þess sem Schola cantorum hefur flutt ýms stórvirki barokksins ásamt Alþjóðlegu barokksveitinni í Hallgrímskirkju.

Schola cantorum hefur komið fram á tónleikum víðsvegar um Evrópu. Vorið 2017 söng kórinn ferna tónleika í boði Fílharmóníusveitar Los Angeles í Walt Disney Hall á Reykjavík Festival.

Í mars 2018 frumflutti Schola cantorum með Sinfóníuhljómsveit Íslands verkið Eddu II eftir Jón Leifs. Verkið var hljóðritað af sænska útgáfufyrirtækinu BIS sem þáttur í heildarútgáfu fyrirtækisins á hljómsveitarverkum tónskáldsins. Kórinn kemur víðar við sögu í þeirri útgáfu. Schola cantorum sendi frá sér diskinn Meditatio, einnig í samstarfi við BIS, árið 2016 þar sem hljóma margar áhrifaríkar tónsmíðar kórtónbókmenntanna frá 20. og 21. öld, íslenskar jafnt sem erlendar. Hefur diskurinn hlotið lofsamlegar viðtökur víða um heim.

Schola cantorum hefur unnið með fjölmörgum listamönnum við tónleikahald og upptökur. Má þar nefna Björk, Sigur Rós, Jóhann Jóhannson, Kjartan Sveinsson, Tim Hecker og sænska dúettinn Wildbirds and Peacedrums. Þá má geta þess að söngur kórsins gegnir veigamiklu hlutverki í tónlist á hinum vinsæla tölvuleik God of War sem Sony gaf út 2018.

Schola cantorum var tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2007 og valinn tónlistarflytjandi ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaunum 2017.

Fjölmargir spennandi viðburðir eru framundan hjá Schola cantorum, m.a. upptökur á jóladisk með íslenskri jólatónlist sem BIS gefur út, Jólatónleikar í Kristskirkju, tónleikar á Alþjóðlegu kirkjutónlistarhátíðinni í Osló í mars 2022 og tónlistarhátíð í Normandí í júlí 2022 auk fleiri hátíða héraðs og erlendis.